

17. fundur í háskólaráði LbhÍ haldinn á Hvanneyri 21. maí 2008 kl. 10:30. Mættir: Ari Teitsson, Þorsteinn Tómasson, Stefán Kalmansson, Emma Eyþórsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Brynhildur Einarsdóttir, Ágúst Sigurðsson rektor og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Haraldur Benediktsson tilkynnti forföll og Vignir Siggeirsson mætti ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt án athugasemda.

Þróun mála frá síðasta fundi ráðsins

ÁS fór yfir helstu atriði og áfanga í starfi skólans frá síðasta fundi. Fram kom m.a. að skólinn hefur fengið viðurkenningu á sínum fræðasviðum frá menntamálaráðuneytinu. Einnig að starfsemi samkvæmt nýrri áætlun um rannsóknir á sviði garðyrkju eru að fara á stað á Reykjum. Starf Landgræðsluskólans er farið á stað og gengur samkvæmt áætlun.

Endurskoðun regluverks LbhÍ. Á fundinn kom Björn Þorsteinsson aðstoðarrektor kennslumála og gerði grein fyrir helstu tillögum að breytingum á regluverki. Fram kom að umgjörð um regluverkið væri til fyrirmyndar en bent á nokkur atriði til umhugsunar. Háskólaráð staðfesti reglurnar samhljóða.

Stefnumörkun LbhÍ. Á fundinn komu Magnús Árni Magnússon og Þórður Sverrisson sérfræðingar frá Capacent Gallup en þeir hafa unnið með stjórnendum skólans að stefnumótun til næstu 5 ára. Einnig kom yfirstjórn LbhÍ á fundinn, þau Áslaug Helgadóttir, Ólafur Arnalds, Guðríður Helgadóttir og Björn Þorsteinsson. Farið var yfir stefnumótunarvinnuna og þau drög sem liggja fyrir um stöðu og framtíðarsýn. Nokkrar umræður urðu um áherslur og efnistöð, fram kom m.a. að nauðsynlegt væri að draga fram með skýrum hætti sýnileika skólans og sérstöðu. Þá kom fram að mikilvægt hlutverk LbhÍ væri að standa fyrir umræðu í landbúnaði um stöðu og stefnu greinarinnar og að skólinn þyrfti m.a. að leggja áherslu á að efla hagfræðipækkingu í því skyni. Unnið verður áfram að stefnumótunarvinnunni m.a. út frá þeim umræðum sem fram fóru á fundinum og verður málið rætt áfram á næsta fundi háskólaráðs.

Önnur mál

Rætt um nauðsyn þess að taka upp siðareglur fyrir starfsmenn skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:15